

Verklagsreglur um afgreiðslu umsókna um fjárstyrk vegna tjóns af völdum kals árið 2024

Bjargráðasjóður starfar skv. lögum nr. 49/2009. Verklagsreglur þessar eru settar á grundvelli 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1111/2023. Náttúruhamfaratrygging Íslands (NTÍ) hefur umsjón með rekstri sjóðsins samkvæmt þjónustusamningi, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Bjargráðasjóður gerir fyrirvara um styrkfjárhæð vegna tjóns af völdum kals, þar sem **styrkveitingar takmarkast við fjárhag og stöðu sjóðsins hverju sinni**, sbr. 4. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar. Til upplýsinga er rétt að benda á að eigin áhætta umsækjanda í öðrum tjónum er að lágmarki kr. 500.000.

Umsókn um styrk

Skrá þarf upplýsingar um hverja og eina spildu sem orðið hefur fyrir skemmdum vegna kals og hve hátt hlutfall spildunnar er skemmt. **Skráningin fer fram hér: <https://torg.bondi.is>**

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að greinargóðar ljósmyndir og/eða drónamyndir af skemmdum fylgi með umsókninni. Það skal koma skýrt fram af hvaða spildu hver mynd og/eða drónamynd er tekin. Með umsókn skulu einnig fylgja upplýsingar um heyforða og bústofn samkvæmt skráningu í Bústofn árin 2022-2023.

Umsækjandi ber sjálfur kostnað af öflun þeirra gagna sem krafist er að fylgi umsóknum. Umsækjanda er frjálst að fá aðstoð ráðunauts eða annars aðila til að annast gerð umsókna, þ.m.t. mat á kali og myndun skemmda. Umsækjandi getur bætt upplýsingum við umsóknina eftir að hún hefur verið send, ef ástæða er til.

Þegar umsókn hefur borist Bjargráðasjóði verður hún yfirfarin og metið hvort hún sé fullnægjandi til þess að hægt sé að leggja mat á tjónið. Sé umsókn ekki fullnægjandi, veitir sjóðurinn umsækjanda fjögurra vikna frest til að senda inn frekari upplýsingar. Sé umsókn ekki fullnægjandi og upplýsingar, sem óskað hefur verið eftir, berast ekki innan þess frests sem veittur er, fellur umsóknin niður, sbr. 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar. Bjargráðasjóður getur einnig falið sérfróðum aðila að skoða skemmdir í vettvangsferð ef ástæða þykir til.

Ef vettvangi er spilt eða viðgerðum lokið áður en sjóðnum gefst kostur á að leggja mat á tjónið fellur umsóknin úr gildi, sbr. 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar.

Umsóknir og fylgigögn vegna kals skulu berast fyrir 01.09.2024

Afgreiðsla umsókna

Fjárhagslegt tjón vegna kals á tünnum er annars vegar metið út frá kostnaði við endurrækt og hins vegar út frá fóðurvöntun sem af kalinu stafar. Aðeins er veittur styrkur vegna tjóns á hefðbundnum nytjatünnum. Aðeins er veittur styrkur til utanaðkomandi fóðuröflunar, ef til fóðurvöntunar kemur.

Við mat á kostnaði við endurrækt er átt við jarðvinnslu og fræ á þeim hluta túna sem nauðsynlegt er að endurrækta vegna kalsins.

Við mat á tjóni vegna fóðurvöntunar er tekið mið af mismuni á meðalfjölda fóðureininga árin 2022-2023 annars vegar og fjölda fóðureininga sem aflað er 2024 hins vegar. Taka skal mið af stærð bústofns við samanburðinn. Mat á tjóni vegna fóðurvöntunar mun fara fram þegar skráning á uppskeru 2024 liggur fyrir. Upplýsingar um fóðurforða og bústofn skulu berast fyrir 21.11.2024.

Mat á fjárhagsstyrk og eigin áhætta

Þegar heildar umfang tjónsins liggur fyrir í samræmi við ofangreint, mun stjórn Bjargráðasjóðs ákveða styrklutföll og eigin áhættu, á grundvelli fjárhagsstöðu sjóðsins.

10. júní 2024

Bjargráðasjóður